

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1064

Dagsetning: 1. apríl 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurbjörg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 25. mars 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verktakasamningar HH

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um verktöku lækna hjá HH. Aðrar heilbrigðisstofnanir eru að loka fyrir þennan möguleika og ákvað framkvæmdastjórn að HH muni fylgja því fordæmi. Þó er mögulegt að gerð verði undantekning fyrir lækna sem eingöngu vinna fjarvinnu og hafa því ekki aðstöðu á starfsstöðvum stofnunarinnar.

3. Samráðsgeðþjónusta

Umræður um framhald tilraunaverkefnis um samráðsgeðþjónustu á Heilsugæslunni Hlíðum og Heilsugæslunni Miðbæ. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið og telur framkvæmdastjórn mikilvægt að framlengja ráðningu geðhjúkrunarfræðings sem sinnt hefur stöðvunum tveimur og skoða í framhaldinu hvernig hægt er að innleiða vinnulagið á fleiri stöðvum.

4. Námskeið á vegum GMB

Rætt var um námskeið sem Geðheilsu miðstöð barna hefur staðið fyrir utan vinnutíma. Kostnaður við námskeiðin hefur verið íþyngjandi fyrir miðstöðina. Ákveðið var að samræma fyrirkomulag námskeiðshalds þar við fyrirkomulag námskeiða hjá Heilsuþróun HH.

5. Mönnun lækna

Fjallað var um erindi frá svæðisstjórum Heilsugæslunnar Mjódd og Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti þar sem áhyggjum er lýst af skorti á læknum og erfiðri stöðu framundan. Áfram verður reynt að finna lækna til að starfa á stöðvunum og leitað leiða til að bregðast við ef það tekst ekki.

6. Eftirlitsnefnd með sjúkraskrá

Kynnt voru drög að skipunarbréfi fyrir nýja eftirlitsnefnd með sjúkraskrá þar sem gert er ráð fyrir rýmra verksviði nefndarinnar en áður. Einnig var rætt um mögulega skipan í nefndina. Forstjóri HH mun skipa í nefndina og verður breytt verklag kynnt á næsta fundi fagstjóra.

7. Kjarasamningar lækna

Upplýst var um stöðuna á innleiðingu á kjarasamningi lækna. Vinnunni er nú að ljúka en enn eru nokkrir lausir endar sem þarf að hnýta.

8. Orlof starfsfólks

Rætt var um stöðu starfsfólks sem líklegt er að nái ekki að klára ótekið orlof fyrir 1. maí. Úttekt sýnir að aðallega er um að ræða starfsfólk sem hefur verið frá vegna veikinda, sem á rétt á því að færa orlofið milli orlofsára, og stjórnendur sem ekki geta tekið frí fyrir 1. maí vegna mönnunar. Ákveðið var að vinna minnisblað með verklagi vegna síðari hópsins.

9. Samningaviðræður við SÍ

Fjallað var um stöðuna í samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur Upplýsingamiðstöðvar HH. Framkvæmdastjórn lýsir áhyggjum af hægum gangi í viðræðunum og mun halda áfram að upplýsa heilbrigðisráðuneytið um stöðuna.

10. Staða Heilsubrúar HH

Rætt var um reynslu af starfsemi Heilsubrúar HH og framtíðarsýn fyrir eininguna. Ákveðið var að skýra betur hvaða námskeið Heilsubrúar eru opin fyrir alla og hvaða námskeið eru aðeins ætluð skjólstæðingum HH. Einnig ákveðið að kanna hvernig hægt er að fjármagna námskeiðin með öðrum hætti en gert er í dag.

11. Rekstrarleg ábyrgð heilsugæslustöðva

Umræður um hugmyndir um breytingar á skipulagi tengt rekstrarlegri ábyrgð heilsugæslustöðva. Málið verður rætt áfram.

12. Gott að eldast í Mosfellsbæ

Upplýst var að forstjóri HH muni undirrita samning um rekstur Eirar á heimahjúkrun í Mosfellsbæ síðdegis 1. apríl 2025.

Aðgerðir og verkefni

- Útfæra þarf hvernig hætt verður að gera verktakasamninga við lækna, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Framlengja þarf ráðningu geðhjúkrunarfræðings og vinna að framhaldi tilraunaverkefnis, sjá lið 3.
Ábyrgð: ÍDH
- Samræma þarf verklag við námskeiðshald ólíkra eininga innan HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: ÍDH og RÓE

- Vinna þarf að fjölgun lækna hjá heilsugæslustöðvum í Breiðholti og undirbúa leiðir til að bregðast við ef það gengur ekki, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Skipa þarf eftirlitsnefnd með sjúkraskrá, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Kynna þarf nýja eftirlitsnefnd með sjúkraskrá á fundi fagstjóra, sjá lið 6.
Ábyrgð: NSK
- Ljúka þarf innleiðingu nýs kjarasamnings lækna, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDN og NSK
- Vinna þarf minnisblað með útfærslu á færslu orlofs milli ára hjá stjórnendum sem ekki geta tekið orlof fyrir 1. maí 2025, sjá lið 8.
Ábyrgð: SJ
- Halda þarf áfram viðræðum við SÍ um fjármögnun upplýsingamiðstöðvar og upplýsa áfram heilbrigðisráðuneytið um erfiðan gang í viðræðunum, sjá lið 9.
Ábyrgð: SDM
- Skoða þarf leiðir til að fjármagna námskeið Heilsubrúar sem aðeins eru ætluð skjólstæðingum HH, sjá lið 10.
Ábyrgð: RÓE
- Undirrita þarf samning um rekstur heimahjúkrunar í Mosfellsbæ, sjá lið 12.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:55.